

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

19. FUNDUR – 28. febrúar 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 19. fundar þriðjudaginn 28. febrúar 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, Zophonías Ari Lárusson, í fjarveru Ágústs Þórs Bragasonar, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur 2011 – fyrri umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 18. janúar 2012*
 - b) *Bæjarráð frá 31. janúar 2012*
 - c) *Bæjarráð frá 21. febrúar 2012*
 - d) *Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. janúar 2012*
3. *Önnur mál*

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur 2011 – fyrri umræða*

Ársreikningur Blönduóssbæjar 2011 tekinn til fyrri umræðu. Forseti bauð velkomin á fundinn Þorstein G. Þorsteinsson, frá KPMG, endurskoðanda bæjarins og Valgerði Hilmarsdóttur, fjármálastjóra bæjarins. Þorsteinn fór yfir og útskýrði helstu liði ársreikningsins. Helstu tölur úr ársreikningi eru þessar: Bókuð útgjöld eru 571,2 millj.kr fyrir afskriftir en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 570,9 millj.kr. Bókaðar tekjur eru 662,0 millj.kr en fjarhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum upp á 645,9 millj.kr. Niðurstaða úr rekstri er 90,1 millj.kr tekjur umfram gjöld en fjárhagsáætlun án afskrifta og fjármagnsliða gerir ráð fyrir að 75,0 mkr. tekjum umfram útgjöld.

Rekstrarniðurstaða ársins 2011 fyrir A og B hluta er neikvæð upp á 52,5 millj.kr að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða, en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði neikvæð upp á 64,5 millj.kr.

Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða að vísa ársreikningi Blönduóssbæjar 2011 til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar. Viku nú Þorsteinn og Valgerður af fundi.

2. *Fundargerðir:*

- a. *Bæjarráð frá 18. janúar 2012*

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum.

b. Bæjarráð frá 31. janúar 2012

Fundargerðin er í 16 liðum. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Ljóst er að grundvallarbreyting hefur átt sér stað á vinabæjarsamstarfinu þar sem einn stærsti aðilinn hefur sagt sig úr samstarfinu. Í ljósi þess leggur bæjarstjórn fram eftirfarandi tillögu við lið 12 í fundargerðinni:

„Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir að hætta vinabæjarsamstarfi á sviði ungmennamóta eins og verið hefur síðastliðin 30 ár.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð var fram tillaga bæjarstjórnar við lið 13 í fundargerðinni:

„Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir að styrkja Hollvinasamtök HSB í samstarfi við sveitarfélög í A-Hún. um samtals 1 milljón til tækjakaupa. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélögin í A-Hún. muni samþykkja stuðning við verkefnið og að miðað verði við hlutfallslega skiptingu eftir íbúatölu. Áætlað er að framlag Blönduósbæjar verði rúmlega 400 þús.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðin var að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. Bæjarráð frá 21. febrúar 2012

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Menningar- og fegrunarnefnd frá 26. janúar 2012

Fundargerðin er í 2 liðum. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. Önnur mál

a) Þekkingarsetur á Blönduósi.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, kynnti fyrirhugaða stofnun Þekkingarseturs á Blönduósi staðsettu í Kvennaskólanum en stofnfundur þess verður í Kvennaskólanum á Blönduósi á morgun, þann 29. febrúar. Aðilar að setrinu eru Textílsetur Íslands, Heimilisiðnaðarsafnið, Laxasetur Íslands, Farskólinn, SSNV, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Landsvirkjun og Háskólinn á Hólum. Gerður hefur verið samningur fyrir árin 2012 og 2013 og verður framlag til setursins kr. 17,5 mkr. Markmið Þekkingarseturs er m.a. að vera miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Blönduósi, efla samstarf milli fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofa á Blönduósi, bjóða fullkomna aðstöðu fyrir símenntun og fullorðinsfræðslu og hafa frumkvæði að rannsóknar- og þjónustuverkefnum á sérsviði Setursins sem eru: textíll, hafis og strandmenning og laxfiskar.

Hér viku Kári Kárason og Arnar Þór Sævarsson af fundi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35

Heiðrún Edda Bjarkadóttir (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson, 1. vara forseti (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Magnús Valur Ómarsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)